

Skaftárhreppur
Klausturvegur 10
880 KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Garðabær, 31. október 2023
Málsnúmer: 202309-0030
BK

Efni: Deiliskipulag frístundabyggðar í Hemruhlíð Skaftárhreppi

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 20. september 2023, þar sem Skaftárhreppur óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í Hemruhlíð. Í skipulaginu er gert ráð fyrir 29 sumarhúsalóðum á bilinu 0,51-0,67 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Á svæðinu er óraskaður birkiskógur sem hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2016). Fyrirhuguð frístundabyggð þekur mikinn hluta skógarins auk þess sem leyfileg hámarksstærð húsa er 150 m². Náttúrufræðistofnun vill hvetja til þess að umfang skipulagsins verði endurskoðað og öllu raski haldið í lágmarki. Fram kemur að form húsa og þaks sé frjálst en æskilegt væri að setja skilyrði sem miða að því að frístundahús falli vel að umhverfi sínu. Þá ætti einnig að takmarka plöntun trjáa á svæðinu við birki og í því sambandi þarf að taka tillit til mögulegrar erfðafræðilegrar sérstöðu þess birkis sem fyrir er.

Heimildir:

Sigurður H. Magnússon, Borgþór Magnússon, Ásrún Elmarsdóttir, Sigmar Metúsalemsson og Hans H. Hansen 2016. Vistgerðir á landi. Í Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi, bls. 17–169. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

